

KIRKJUGARÐARÁÐ

109. fundur haldinn mánudaginn 11. nóvember 2013 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Þorvaldur Karl Helgason sem stýrði fundi í fjarveru Ragnhildar Benediktsdóttur formanns, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri, Smári Sigurðsson, Þórsteinn Ragnarsson, Sigurgeir Skúlason, Valtýr Valtýsson og Kristín Huld Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

1. Setning fundar

Fundur settur kl. 13:05 og fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt án athugasemda.

2. Ný gjaldskrá vegna aukaverka presta

Þórsteinn Ragnarsson kynnti. Gjaldskrá ráðuneytisins tók gildi 15. október, en Kirkjugarðaráð samþykkti að beiðni ráðuneytisins að greiða eftir nýju gjaldskránni frá 1. október, en þá hefði ný gjaldskrá átt að taka gildi. Samþykkt var að óska eftir upplýsingum um hvort gjaldskráin gildi jafnframt fyrir önnur trúfélög og lífsskoðunarfélög en Þjóðkirkju.

3. Fundur með innanríkisráðherra 30. október 2013

Þórsteinn Ragnarsson kynnti. Lögð var áhersla á skipan nefndar vegna framlags ríkissjóðs til starfsemi kirkjugarða og breytingar á lögum um kirkjugarða. Rædd voru næstu skref og nefndi Þórsteinn að blaðamaður Viðskipablaðsins myndi fjalla um skýrslu Haraldar L. Haraldssonar og málefni kirkjugarða.

4. Breytingar á lögum vegna færslu verkefna frá innanríkisráðuneytinu til stofnana og embætta

Þorvaldur Karl kynnti frumvarpsdrög um breytingar á lögum vegna flutnings verkefna frá ráðuneytinu til sýslumannsembætta o.fl. Meðal þeirra eru verkefni er snerta lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993 með síðari breytingum.

5. Hugleiðingar stjórnar KGSÍ varðandi aðskildan fjárhag kirkna og kirkjugarða, sameiningu kirkjugarða o.fl.

Þórsteinn Ragnarsson kynnti drög að bréfi um fjárhagslegan aðskilnað kirkjugarða og sókna. Kirkjugarðaráð samþykkti að nýta drögin í bréf sem kæmi frá ráðinu um sama efni.

6. Kynning á viðmiðunarreglum vegna sérfræðivinnu starfsmanna Kirkjugarðaráðs

Lagt fram til kynningar. Smári og Þórsteinn kynntu. Málið tengdist kortagerð Sigurgeirs. Spurningin er fyrir hvern Kirkjugarðaráð ætlar að vinna án greiðslu. Ákveðið var að nefndarmenn kynntu sér málið betur og frestuðu afgreiðslu.

7. Næsti fundur

Næsti fundur mánudaginn 9. des. kl. 15:00.

8. Önnur mál

Árbók kirkjunnar 2012-2013 afhent.

Kristín Huld nefndi að Agnes Stefánsdóttir sviðsstjóri hjá Minjastofnun Íslands hefði átt góðan fund með Sigurgeiri Skúlasyni vegna samvinnu um skráningu í kirkjugörðum.

Fundi slitið kl. 14:40.

Þorvaldur Karl Helgason,
f.h. formanns

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari